

## Rafvæddar samgöngur

Borgarstjórn samþykkir að unnin verði aðgerðaráætlun til að auka hlut rafvæddra samgangna til lengri tíma, og í nánustu framtíð. Stefnt verði að því að aðgerðaráætlunin liggi fyrir 15. Mars 2013.

### *Greinargerð*

Orkuskipti í samgöngum eru mjög í deiglunni og hafa verið tekin skref í þá veru að kaupa metanknúna bíla í innkaupum borgarinnar sl. misseri. Hraði breytinga í þessum efnunum í samfélaginu í heild ræðst af mörgum þáttum, sem eru óráðnir í dag en munu væntanlega skýrast á allra næstu árum. Þar kemur til meðal annars úrval og verð á bílum, skattaívilnanir ríkisins og aðgerðir þær sem að framan er lýst. Noregur hefur verið í fararbroddi rafbílavæðingar í heiminum. Nefna má að í september voru 5% nýrra bíla í Osló rafbílar og sveitarfélagið hefur ákveðið að skipta út öllum þjónustubílum sveitarfélagsins fyrir rafbíla fyrir árið 2015. Örkuöryggi með nýtingu innlendrar orku og minni umhverfismengun tengd rafbílanotkun eru mikilvægir þættir en hafa ekki verið metnir til fjár. Rafvæðing samganga eru eitt markmiða samstarfsyfirlýsingar Besta flokksins og Samfylkingarinnar og jafnframt samþykkti síðasti aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur að unnin yrðu drög að stefnu fyrirtækisins á þessu sviði.

Til að fá glögg yfirlit yfir stöðuna varðandi útlit og horfur um rafvæddar samgöngur frá sjónarhóli Reykjavíkurborgar setti borgarstjóri niður starfshóp um rafvæðingu samgangna sl. sumar. Hann var skipaður með erindisbréfi 28. ágúst 2012. Í hópnum sátu Ólafur Bjarnason (USR), formaður, Ásdís Kristinsdóttir (OR), Guðmundur B. Friðriksson (USR), Haraldur Sigurðsson (SKB) og Jakob Sigurður Friðriksson (OR). Bjarni Daníelsson, verkefnastjóri (SBB), starfaði með hópnum.

Verkefni hópsins voru m.a. að taka saman minnisblað um stefnu og upplýsingar, úttektir og áform sem liggja fyrir og gera tillögur um hvernig best sé að taka næstu skref til að vinna að markmiðum um orkuskipti í samgöngum. Í skilagrein hópsins kemur m.a. fram að átlanir um rafbílavæðingu hafa gengið hægar en væntingar voru um fyrir nokkrum árum einkum vegna minna framboðs á bílum og verðs á þeim. Á markað séu hins vegar komin reiðhjól og létt farartæki af ýmsum toga knúin raforku að öllu leyti eða að hluta. Notkun þessara ökutækja hefur farið ört vaxandi. Þessi ökutæki munu eiga sinn þátt í samgöngum og rafvæðingu samgangna á komandi árum.

Starfshópurinn nefnir að Reykjavíkurborg geti stuðlað að nýtingu rafmagns í samgöngum með ýmsu móti, s.s.:

- Að beita sér fyrir samstarfi ólíkra aðila sem málið varðar til að skapa skilyrði fyrir aukinni rafvæðingu í samgöngum.
- Að vinna með öðrum að upplýsingamiðlun og fræðslu um nýtingu raforku í samgöngum.

- Að ganga á undan með góðu fordæmi með kaupum á rafknúnum bílum fyrir starfsemi borgarinnar og fyrirtækja hennar.
- Auka samstarf við Ríki, sveitarfélög og stóra notendur ökutækja um kaup á rafknúnum bílum svo skapa megi markað fyrir bílana.
- Huga að notkun rafvæðra almenningsvagna.
- Að útbúa hleðsluástöðu við vinnustaði borgarinnar fyrir rafknúin farartæki starfsfólks og hvetja fyrirtæki í borginni til að koma upp hleðsluástöðu á vinnustöðum.
- Með aðkomu að uppbyggingu hraðhleðslupósta á lykilstöðum á lykilstöðum í borginni og nálægum byggðum
- Beita sér fyrir því að söluaðilar jarðefnaeldsneytis setji upp aðstöðu til að þjóna rafknúnum bílum.
- Að bjóða upp á hleðslumöguleika á völdum bílastæðum og í bílastæðahúsum.
- Að bjóða upp á götustæði sem eingöngu eru ætluð rafknúnum bílum
- Að veita rafknúnum bílum forgang í umferð.
- Að rafknúnir leigubílar fái forgang í umferðinni og viðskipum verði beint til þeirra sem aka á slíkum bílum.
- Að stuðla að rafbílaleigu og „car sharing“ með rafbílum.
- Að vinna að því, m.a. í samstarfi við OR, að auka og bæta aðgengi til hleðslu rafbíla í öllum hverfum og tryggja að slíkur möguleiki sé fyrir hendi við allar nýbyggingar í borginni.
- Að skilgreina í aðalskipulagi hlut rafvæðra samgangna í borgarþróun á komandi árum.

Sú tillaga sem lögð er til við borgarstjórn felur í sér að gerð verði aðgerðaráætlun á grunni þessara hugmynda undir forystu kjörinna fulltrúa en með aðkomu áframhaldi ráðgjöf embættismanna. Þar verði tekið af skarið um það hvernig best sé að taka næstu skref til að efla rafvæddar samgöngur. Borgarráði skipi starfshóp í þessum tilgangi. Aðgerðaráætlunin takmarkist ekki við ofangreindan lista heldur taki einnig til mögulegrar rafvæðingar almenningsamgangna (strætó og flugrútu) og hugsanlegra lestarsamgangna (léttlestar og lest til Keflavíkur) eða næstu skrefum í athugunum á þeim atriðum.